



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 4 · 101 Reykjavík

sími: 545 9500

postur@mrn.is · menntamálaráðuneyti.is

Til stjórnenda í grunn- og framhaldsskólum

Reykjavík 6. maí 2020

Tilv.: MMR20030236/6.19.1-

Efni: Tilmæli um að námsmat við lok grunnskóla og innritun í framhaldsskóla fari fram með sem eðlilegustum hætti

Um námsmat við lok grunnskóla er fjallað í lögum um grunnskóla, nr. 91/2008 og um innritun í framhaldsskóla er fjallað í lögum um framhaldsskóla, nr. 92/2008. Í aðalnámskrám skólastiganna er kveðið nánar á um fyrirkomulag námsmats og innritunar. Þar kemur m.a. fram að námsmat feli í sér mat á árangri og framförum nemenda og eigi að vera reglubundinn þáttur í skólastarfi.

Framkvæmd og útfærsla námsmats í grunnskóla er á ábyrgð hvers skóla að uppfylltum ákveðnum lágmarksviðmiðum og getur því verið með mismunandi hætti. Framkvæmd á birtingu lokamats úr grunnskóla þarf hins vegar að vera samræmd til að tryggja eins og unnt er jafnræði nemenda við innritun í framhaldsskóla. Þegar nemendur hefja nám í framhaldsskóla er mikilvægt að þeir hefji nám á því hæfniprepi sem hentar þeim best. Það mat er í höndum hvers framhaldsskóla og byggir á einstaklingsmiðuðu mati á þeirri hæfni sem vitnisburðarskírteini nemenda við lok grunnskóla segir til um. Það er á ábyrgð skólastjóra grunnskóla að meta hvort nemandi hafi lokið grunnskólanámi og ber hann ábyrgð á útskrift úr grunnskóla.

Um innritun í framhaldsskóla segir að þeir sem lokið hafi grunnskólanámi, hafi hlotið jafngilda undirstöðumenntun eða hafi náð 16 ára aldri eigi rétt á að hefja nám í framhaldsskóla. Í reglugerð um innritun nr. 1150/2008, með síðari breytingum, segir að við mat á umsóknum beri skólameistara að taka mið af kröfum skólans um undirbúning og gæta að öðru leyti samræmis og jafnræðis við mat á sambærilegum umsóknum.

Samkvæmt upplýsingum sem aflað hefur verið um framkvæmd skólastarfs á meðan á takmörkun þess hefur staðið þá njóta allir grunnskólanemendur kennslu þó með misjöfnum hætti sé, eftir skólum og sveitarfélögum. Huga þarf að þessu sérstaklega, þegar mat er lagt á stöðu nemenda í tengslum við annarlok og útskriftir grunnskólanemenda. Eins og fram kemur í almennum hluta aðalnámskrár grunnskóla skal námsmat við útskrift úr grunnskóla byggja á öllu því námi sem stundað var á lokaári grunnskóla en æskilegt er að hafa til hliðsjónar nám í 8. – 10. bekk. Þar af leiðandi ættu skólar að geta byggt námsmat vorið 2020 á þeim upplýsingum sem þeir hafa nú þegar um stöðu nemenda í námi.

Ráðuneytinu hefur borist yfirlýsing þess efnis að framhaldsskólinn treystir fullkomlega námsmati grunnskólans og að engin ástæða sé til að ætla að vandræði eigi eftir að koma upp við innritun nemenda í framhaldsskóla fyrir haustönn 2020. Að yfirlýsingunni standa Skólastjórafélag Íslands, Skólameistarafélag Íslands og sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs Reykjavíkur. Í henni er lagt til að ráðuneyti og Menntamálastofnun beini því til grunnskóla að koma því á framfæri við nemendur og forráðamenn að námsmat verði með sem eðlilegustum hætti og í samræmi við skólanámskrá viðkomandi skóla. Þá er jafnframt hvatt til að engin breyting verði á lokainnritun 10. bekkinga í framhaldsskóla frá 6. maí til 10. júní.

Mennta- og menningarmálaráðuneytið beinir þeim tilmælum til grunnskóla að námsmat við lok 10. bekkjar verði með sem eðlilegustum hætti nú á vorönn og tilkynnir að innritun í framhaldsskóla fer fram á tilsettum tíma, þ.e. 6. maí til 10. júní.

Ráðuneytið óskar eftir því að stjórnendur í grunnskólum miðli þessum upplýsingum til nemenda sinna og forráðamanna þeirra. Jafnframt hvetur ráðuneytið grunnskóla til að huga sérstaklega að nemendum sem eru í viðkvæmri stöðu og eru að ljúka sínu grunnskólanámi í vor og sækja um í framhaldsskóla. Grunnskólar eru hvattir til að beina þjónustu náms- og starfsráðgjafa sérstaklega að útskriftarnemum. Framhaldsskólar eru hvattir til að taka tillit til þess að nýnemar gætu þurft viðbótarstuðning við upphaf haustannar 2020 vegna takmarkana á skólahaldi á vorönninni. Framhaldsskólar eru hvattir til að kynna námsframboð sitt með rafrænum hætti og setja greinargóðar upplýsingar um það á heimasíður skólanna.

Fyrir hönd ráðherra


Óskar Þór Ármannsson


Björg Pétursdóttir